

Verklagsreglur vegna umsókna um styrkt fóstur

1. Umsókn

Barnaverndarnefnd sækir um styrkt fóstur til Barnaverndarstofu með öllum tilskyldum gögnum, sbr. 15. gr. reglugerðar um fóstur, þar á meðal áætlun um meðferð máls skv. 23. gr. og áætlun um tryggja umsjá barns skv. 33. gr. bvl. (einnig nefnd „vistunar- og fósturáætlun“¹)

2. Samþykki umsóknar

Á grundvelli þessara upplýsinga metur Barnaverndarstofa hvort skilyrði laga og reglna eru fyrir hendi, þ.e. hvort vandi barns sé þess eðlis að styrkt fóstur geti komið til álita, hvort áætlun barnaverndarnefndar tilgreini fullnægjandi markmið með fóstrinu sem og viðeigandi þjónustu og stuðning við barn og fósturheimili, og eftir atvikum foreldra barns, meðan á fóstri stendur.

Ef þessi skilyrði teljast uppfyllt samþykkir Barnaverndarstofa umsóknina og bendir, í samvinnu við viðkomandi barnaverndarnefnd, á þá fósturforeldra sem líklegir eru til að geta og vilja sinna þörfum barns.

3. Drög að fóstursamningi

Þegar barnaverndarnefnd hefur gert drög að fóstursamningi með væntanlegum fósturforeldrum skulu drögin send Barnaverndarstofu til skoðunar. Stofan skoðar hvort innihald fóstursamnings sé í samræmi við þær áætlanir barnaverndarnefndar um meðferð máls (23. gr. bvl) og um tryggja umsjá barns (33. gr. bvl) sem lágu til grundvallar samþykki umsóknar. Einnig hvort fram komi með nægilega skýrum hætti hvernig stuðningi við barn og fósturheimili skuli háttáð, sbr. 21. gr. reglugerðar um fóstur.

Eftir atvikum gerir stofan athugasemdir við drög að fóstursamningi, svo sem með því fara fram á skýrari markmið eða skilmála um hlutverk tiltekinna fagaðila eða stofnana í stuðningi við barn, fósturheimili eða foreldra barns.

4. Staðfest samþykki fóstursamnings og greiðsluþátttaka

Þegar barnaverndarnefnd sendir fullgerðan og undirritaðan fóstursamning, sem er í samræmi við kröfur Barnaverndarstofu, sbr. 3. grein, getur greiðsluþátttaka stofunnar hafist.

Barnaverndarstofa staðfestir samþykki sitt við fóstursamning með bréfi til barnaverndarnefndar.

Greiðslur Barnaverndarstofu miðast við dagsetningu fóstursamnings en þó er ekki greitt lengra aftur í tímann en sem nemur 14 dögum frá því að undirritaður fóstursamningurinn berst stofunni.

¹ Í *Stöðlum um vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda* er áætlun um tryggja umsjá barns skv. 33. gr. bvl. nefnd *vistunar- og fósturáætlun* sem barnaverndarnefnd gerir skriflega í samráði við umsjáraðila, forsjáraðila og barn, ef við á, og felur í sér lýsingu á því hvaða leiðir skulu farnar til að ná settum markmiðum með vistun eða fósturi).

5. Ráðstöfun barns í fóstur í aðdraganda styrkts fóstur

Ef aðstæður barns sem uppfyllir skilyrði um styrkt fóstur eru að mati barnaverndarnefndar þannig að nauðsynlegt þykir að ráðstafa því á fósturheimili áður en Barnaverndarstofa hefur samþykkt umsókn um styrkt fóstur (sbr. 2. gr.) eða staðfest samþykki sitt við fóstursamning um styrkt fóstur (sbr. 4. grein), þarf nefndin að greiða fósturforeldrum að fullu umsamin fósturlaun fram að þeim tíma sem greiðslupátttaka stofunnar hefst.

Í slíkum tilvikum getur komið til þess að barnaverndarnefnd þurfi fyrst í stað að skila inn tilkynningu til Barnaverndarstofu um gerð (venjulegs/hefðbundins) fóstursamnings svo barnið dvelji ekki á fósturheimilinu án fóstursamnings meðan gengið er frá samningi um styrkt fóstur.

6. Beiðni um framlengingu

Ef barnaverndarnefnd hyggst óska eftir framlengingu á samningi um styrkt fóstur og samfellu í greiðslupátttöku Barnaverndarstofu þarf umsókn þess efnis að berast Barnaverndarstofu eigi síðar en 6 vikum fyrir áætluð fósturlok, sbr. ákvæði 30. gr. reglugerðar um fóstur.²

Umsókn skulu fylgja upplýsingar um skólagöngu barns frá því það kom á fósturheimilið, upplýsingar (umsagnir) frá þeim sérfræðingum sem aðstoðuðu barn og/eða fósturheimilið, mat fósturforeldra og mat barnaverndarnefndar á framgangi hins styrkta fósturs til þessa og markmiðum með framlengingu og hvers vegna þeim verði ekki náð með öðru og vægara móti.

Eingöngu er gert ráð fyrir því að samningur um styrkt fóstur verði endurnýjaður í sérstökum tilvikum, sbr. 3. mgr. 23. gr. reglugerðar um fóstur.

7. Eftirlit Barnaverndarstofu með framkvæmd

Í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því hvort forsendur hins styrkta fósturs sem tilgreindar eru í fóstursamningi eru uppfylltar mun Barnaverndarstofa með reglubundnu millibili senda út spurningalista til og/eða eiga símtöl við fósturforeldra, barnaverndarstarfsmenn og eftir því sem við á aðra aðila eins og skóla.

Ef eftirlit Barnaverndarstofu leiðir í ljós að forsendur hins styrkta fósturs eins og þær eru tilgreindar í fóstursamningi eru ekki uppfylltar mun stofan inna viðkomandi barnaverndarnefnd eftir skýringum og áskilur sér rétt til að stöðva þær greiðslur sem tilgreindar eru í fóstursamningi ef ekki verður brugðist við ábendingum stofunnar.

Barnaverndarstofa, Reykjavík 3. júní 2013

² Barnaverndarnefnd ber, að jafnaði eigi síðar en mánuði áður en fósturi lýkur, að gera skriflega áætlun skv. 23. gr. barnaverndarlaga um áframhaldandi meðferð máls barnsins. Við undirbúning og gerð áætlunar skal barnaverndarnefnd, að höfðu samráði við kynforeldra og fósturforeldra eftir atvikum, meta stöðu barnsins og að hvaða leyti markmið með fósturi hafi náðst. Við lok fósturs ber barnaverndarnefnd að undirbúa barn undir viðskilnað frá fósturforeldrum og það sem tekur við að fósturi loknu.